

## 27. Norðlingaölduveita 566 – 567,5 m y.s. án setlóns<sup>1</sup>

Veitt er frá Norðlingaöldulóni, sem er að mestu í farvegi árinna í 566 – 567,5 m y.s., með dælingu upp í göng sem veita vatninu að Kvíslaveitu og með henni áfram til Þórisvatns. Aðrennslisskurður, um 1,1 km að lengd verður frá lóninu að dælustöð þar sem dælur lyfta vatninu upp í göng sem eru um 5 km að lengd. Skurðir sem taka við úr göngunum að Illugaverskvísl eru samtals um 0,7 km að lengd. Til þess að beina vatninu í Illugaverskvísl á milli skurðanna, þarf að reisa litla stíflu, Grjótakvíslarstíflu og myndast við það lítið lón, Grjótakvíslarlón. Eftir að afrennsli Kvíslaveitu og afrennsli frá Norðlingaöldulóni hafa sameinast í Illugaverskvísl, rennur það um Illugaver norður fyrir Sauðafell í Sauðafellslón.

Orkugeta Norðlingaölduveitu er 635 GWh/ár miðað við að Búðarhálsvirkjun sé komin í gagnið. Fátt stendur eftir af því sem taldist umhverfisáhrif í fyrri tilhögun sem metin var í 1. áfanga Rammaáætlunar (lón í 575 m y.s.), nema að vatn minnkar enn í fossum í Þjórsá ofan Sultartangalóns.

### Yfirlitstafla

#### Einkennisstærðir

##### Norðlingaölduveita án setlóns

Rennsli til virkjunar (m <sup>3</sup> /s)	39
Vatnasvið (km <sup>2</sup> )	846
Rekstrarhæð N.lóns (m y.s.)	566-567,5
Flatarmál N.lóns h567, 5 (km <sup>2</sup> )	4,9
Miðlun (Gl)	0
Lengd Norðlingaöldustíflu (m)	270
Mesta hæð N.stíflu (m)	22
Lengd ganga (km)	5,0
Hæð Grjótakvíslarlóns (m y.s.)	589,2
Flatarmál Grjótakvíslarl. (km <sup>2</sup> )	0,4
Lengd Grjótakvíslarstíflu (m)	500
Mesta hæð G.stíflu (m)	7
Lengd skurða (m)	1800
Afl (MW)	-
Orkugeta (GWh/ári)	540 - 635**
Hagkvæmniflokkur	1-2*

\* Hagkvæmniflokkur er á verðlagi í febrúar 2008 án VSK.

\*\* Orkugeta miðast við að nýta uppsett afl virkjana á Tungnaár- Þjórsársvæði.

Orkugeta veitunnar er 540 GWh/ári ofan á núverandi grunnkerfi eftir lúkningu virkjana í Neðri-Þjórsá. Orkugetan hækkar í 635 GWh/ári ef Búðarhálsvirkjun er einnig til staðar.

Hagkvæmniflokkur með fjármagnskostnaði er 1 ef Búðarhálsvirkjun er til staðar en annars 2.

<sup>1</sup> Landsvirkjun Power 2009. *Norðlingaölduveita 566 – 567,5 m y.s. án setlóns. Tilhögun og umhverfi.* Skýrsla LV-2009/016, Febrúar 2009.



Norðlingaölduveita 575 m y.s. sem metin var í 1. áfanga Rammaáætlunar

